

## **GUÐMUNDUR BISKUP GÓÐI ARASON.**

Sjö alda minning flutt á Hólum 29. ág. 1937.  
(Nokkuð styttn).

### **I.**

Hinn 16. marz síðastliðinn voru réttar sjö aldir liðnar frá því, að Guðmundur Arason biskup, sem kallaður var hinn góði, andaðist að Hólum í Hjaltadal, sjötíu og fimm ára að aldri, eftir langan og hrakningssaman biskupsdóm. Verður eigi unt í stuttu máli að rekja nákvæmlega hina viðburðaríku æfisögu hans, enda geri ég ráð fyrir að flestum, sem á mig hlýða, sé hún sæmilega kunn. Heldur vildi ég einkum drepa á þau atriði, sem ljósi mega varpa yfir skapferli hans og örlög, ef vera kynni, að þessi biskup, sem svo oft hefir, bæði lifandi og dáinn, verið ómjúklega dæmdur, mætti verða oss skiljanlegri og um leið hugþekkeri, þar sem hann stendur í straumi atburðanna, hrakinn og hrjáður eins og sannarlegur píslarvottur og tákn guðskristninnar í landi voru á einni hinni agasömustu öld, sem yfir Ísland hefir gengið. Meðan hatramlegasta borgarastyrjöld geysaði í landinu, svo að hvergi var vært fyrir ránum og ofbeldi, trygðarofum, morðum og manndrápi, logar hið andlega ljós guðrækninnar með svo björtum og skærum ljóma í sál þessa farandbiskups, að jafnvel sumir hinna harðsvíruðustu vígamanna og andstæðinga hans urðu að viðurkenna það og glúpnúðu svo í andstöðunni við hann, eins og Sturla Sighvatsson, að þeir létu leiða sig berfætta á iðrunargöngu milli höfuðkirknanna í Róm. Hin ytri atvik ollu því oft, að ljós þetta sýndist blakta á skari, en þess á milli blossaði það upp með svo miklum hita og krafti, að það dró að sér hugi almennings.

Því að undir allri geðæsing og jafnvægisleysi aldarinnar logaði friðleysi sálnanna eins og falinn eldur. Í hinni ytri valdastreitu geysuðu viðnámslaust harðvítug og miskunnarlaus öfl haturs og ágirndar eins og vant er að vera, og færðu mönnunum hverfula gleði og stopula fullnægju. Þá framgengur Guðmundur biskup hinn góði hertýgjaður andanum og boðar hinn kristna veg bróðurkærleikans og mildinnar, sem svo fáum hefir tekist að festa trúnað á að fornu og nýju. En af því að maðurinn var sterkur, varð baráttan milli hans og hinna veraldlegu höfðingja bæði hörð og löng, þessi barátta milli holdsins og andans, hatursins og kærleikans, sem háð hefir verið í gjörvallri kristninni frá upphafi vega.

### **II.**

Efniviður þeirra ættstofna, er að Guðmundi stóðu, var hinn ákjósanlegasti, og átti hann ekki langt að telja til ágættra manna. Að vísu voru sumir föðurfrændur hans, eins og t. d. þeir feðgar Þorvarður á Ljósavatni og Ögmundur sneis, vígamenn nokkurir og ódælir um sumt, en mikill drengskapur var þó til í þeim, og yfirleitt má telja að í ættbálkum þeim, er að Guðmundi standa, gæti sjaldgæfra og yfirgnæfandi mannkosta. Menn ætla, að Þorgeir Hallason í Hvassafelli, afi hans, hafi verið kominn í beinan legg af Halla hinum hvíta Þorbjarnarsyni á Jórunnarstöðum í Eyjafirði, en hann var á dögum Víga-Glúms mannasættir í héraðinu, sagður vitur og réttæmur og voru synir hans sumir skáld en aðrir vígamenn. Þorgeir var sagður auðugur að fé, spakur að viti, heilráður og vinsæll og höfðingi sinnar ættar. Í móðurkyn má ugglaut telja, að Þorgeir Hallason hafi verið kominn af ætt Þorgeirs Ljósvetningagoða, að m. k. fóru þeir feðgar með Ljósvetninga goðorð, sátu á flestum helztu höfuðbólum í Eyjafirði og Fnjóskadal og höfðu mikil mannaforráð. Innileg trúhneigð var einnig í þessari ætt, því að á gamals aldri losaði Þorgeir Hallason sig við alla veraldarívasan

og réðst í klaustur að Munkaþverá. Þar var og munkur Þórður sonur hans. Annar son Þorgeirs var Ingimundur prestur, sá er fóstaraði upp Guðmund og lauk þannig við hann, að hann gaf honum allar bækur sínar og messuskrúða. Hann var sagður hinn merkilegasti prestur, bókhneigður með afbrigðum og hið mesta göfugmenni. En hvikull var hann nokkuð í háttum og rótlaus, undi sjaldan lengi hag á sama stað og nýtti eigi af sambúð við konu sína. Og má vera, að þó að mjög væri ástúðugt með þeim frændum, þá hafi þessir heimilishagir Ingimundar prests haft nokkur áhrif á skaplyndi Guðmundar í uppvexti.

Ingimundur Þorgeirsson hét eftir móðurbróður sínum en ömmubróður Guðmundar, Ingimundi presti á Reykhólum. Á Sturlunga saga naumast nógu sterk orð til að lofa Ingimund þennan hinn eldri, segir að hann hafi verið stórmenni í skapi, örr af peningum, sem ætterni hans var til, skáld gott og hinn mesti mætismaður. Enn segir í Þorgils sögu og Hafliða, að hann hafi verið hið mesta göfugmenni, vitur maður og glaðlyndur, vinsæll af allri alþýðu og mikils virður af mörgum mönnum göfugum. Loks segir svo: „Hann er góður viðurtakna, er vinir hans senda honum vandræðamenn, og sendi þá jafnan vel af höndum sér“. Það er glögt, að Guðmundi biskupi hefir mjög brugðið í kyn Reykhólamanna, enda er það eigi að undra, þegar þess er gætt að foreldrar hans báðir töldust vera af ætt þessari. Var Einar á Reykhólum, faðir Ingimundar prests, sonur Ara Þorgilssonar á Reykhólum Arasonar af ætt Úlfs skjálga. Þeir Reykhólamenn voru allir höfðingjar miklir og fóru með Reyknesinga goðorð, þar til Ingimundur prestur gaf Þorgilsi Oddasyni frænda sínum. En í þessari ætt fór saman skáldgáfa, fræðimenska og drengskapur með afbrigðum. Valgerður, amma Ara fróða, var dóttir Þorgils á Reykhólum, og bar hann því hið sama nafn og Ari faðir Guðmundar. En Þorgilsi er lýst þannig, að hann hafi verið höfðingi svo mikill í lund, að hann gaf hverjum frjálsum manni mat svo lengi sem hann þiggja vildi og varð af því fjölment jafnan á Reykhólum og stundum þröng í bú. Sást hann þá heldur ekki fyrir að taka undir vernd sína útlaga og ógæfumenn, sem leituðu trausts hjá honum. Þannig er frá því sagt, að hann hélt eitt sinn alla saman veturlangt þá: Grettir Ásmundsson og fóstbræður Þormóð og Þorgeir. Enn dýpri rótum stendur göfugmenska þessarar ættar. Ein formóðirin, kona Ara Þorgilssonar á Reykhólum, var Guðrún Ljótisdóttir, Hallssonar af Síðu. Það var Ljótur sá, sem lagður var ógildur á Alþingi eftir Njálsbrennu til að firra vandræðum. En Hallur af Síðu og hans afkvæmi er eitt hið göfugasta í sögu lands vors, og átti hann eins og kunnugt er manna beztan þátt í því að koma á kristni hér á landi. Og ekki ólík saga er reyndar sögð um Þorgeir Hallason, afa Guðmundar, á Alþingi 1163, er hann fékk afstýrt með viturlegum fortölum vandræðum eftir grjótkast það er þá varð, með því að leggja ógild meiðsli Þorvarðar sonar síns. Sýnist þannig í flestu þessu fólki ríkari góðgirndin og sáttfýsin, en óbilgirndin. Og loks kemur fram hjá Ara Þorgeirssyni, föður Guðmundar, drottinhollusta og fórnfýsi á hinn fegursta hátt, er hann setti sig vopnlausan að skildi fyrir Erling jarl á Ryðjökli 2. nóv. 1166 og lét þar líf sitt af mikilli hreysti og drengskap. Mælti jarl þessi orð um: „Það er víst, að þar fór sá maður, er oss hefir bezt fylgt og höfum vér engan jafnhvatan eftir. Varð hann einn búinn til af yður, að gefa sjálfviljandi líf sitt fyrir mitt líf. Nú mun ég eigi hans frændum launað fá þann skaða, er þeir hafa beðið fyrir mínar sakir“.

Vér sjáum af þessu, sem ég hefi nú sagt af ættmönnum Guðmundar, að hann var af ágætu bergi brotinn og stóðu að honum höfðingjar miklir hvarvetna. Auk þess hefir margt af þessu fólki verið glæsilegt sýnum, einkum er þess getið, að konurnar í ætt þessari, eins og t. d. Ingibjörg kona Hvamms-Sturlu og Gyriður kona Kolbeins Tumasonar, hafi verið fríðar með afbrigðum. Benda og til þess orð Sigurðar Ormssonar við Guðmund Arason, er hann kom til hans að Svínafelli, fátækur prestur, að honum hafi fundist hann hafa höfðinglegt yfirbragð: „Mér sýnist svá mikið yfir þér, mælti hann, að mér býður það í skap, að þú verðir enn meira ráðandi, en nú ertu“.

Sýnist því hafa farið saman í ættinni atgervi til líkama og sálar, tilfinningaríki mikið og örlyndi og gjafmildi með fádæmum gagnvart snauðum mönnum. Foreldrar hans bæði hafa verið örgeðja og tilfinninganæm. Úlfheiður, móðir Guðmundar, hafði verið manni gefin

nauðug, en síðan er þau Ari feldu hugi saman, fékk hún honum mikinn hluta fjár síns, er virðist hafa verið ekki lítið. En með því að Ari var stórlyndur, segir sagan, lagðist fé þetta brátt í lóg. Átti Guðmundur hinn góði þannig ekki langt að sækja örlyndi sitt, tilfinninga hita, ölmutugæði, trúrækni og fræðihneigð, og loks trygð sína og óslítandi fórnarlund í þágu heilagrar kirkju. Alt eru þetta áberandi skapseinkunnir ættmenna hans og forfeðra langt fram í kyn. En hreystin og herzlan er þar einnig til og nokkurt ráðríki. Virðist Guðmundur Arason einna verst hafa unað því, sem hann varð þó oftast að þola biskupsdóms síns, að hann væri borinn ráðum, því að kappið og ráðríkið var mikið að eðlisfari. Og enda þótt hann stilti sig oft vel og þess sé ekki getið nema einu sinni, að hann bæði óvinum sínum forbæna, þá var þó óstýrilátt blóðið að eðlisfari, ef það er rétt, sem höfundur prestssögunnar segir, að honum hafi í æsku þótt fremur kippa í kynið um ódæld og ráðríki og hafi Ingimundur prestur fóstri hans því oft orðið að beita allhörðu við hann. Enda þótt hann væri vígður akolútus 12 ára að aldri og tæki næstu ár aðrar djáknavígslur, þá þótti lítið bera á guðrækni hans fram um tvítugsaldurinn. Hann sagði svo sjálfur frá, að hann hafi í upphafi verið barður til bókar, svo að áhuginn til andlegra hluta virðist hafa verið stopull til að byrja með. Til hins sama bendir sagan um kirkjuvígsluna á Kálfanesi, er Guðmundi þótti skemtilegra, að eiga tal við klerka Þorláks biskups, en vera að tíðum og kirkjuvígslu. Trú hans var enn ekki vakin. En önnur ástæða var einnig fyrir því, að honum var kennidómurinn í fyrstu lítið áhugamál. Hann grunaði frændur sína um það, að eigi hefði það ráðið litlu um, að hann var til bókar settur, að þeir mættu taka undir sig fé Ara föður hans og sitja einir að mannaforráðum ættarinnar. Hvort sem þetta var rétt eða ekki, gat Guðmundur ekki að sér gert, nema stinga því að Þorvarði frænda sínum, er hann hélt fast að honum biskupstign, og kvað Þorvarði vera meira í mun að koma sér í vanda en virðing. Mun Guðmund sennilega á unglingsárunum hafa sviðið það undirniðri, að honum hefir fundist sér vera í æsku hrundið af nákomnum frændum úr götu til þeirra mannaforráða, er hann stóð nærri að erfa. Kynti hann sér á þeim árum eigi síður veraldar og landslög, en lög kirkjunnar, og hversu harðvítugur málafylgjumaður hann hefði orðið, má sjá af því, er hann sótti Koll-Odd til sektar fyrir Jón Brandsson vin sinn rúmlega tvítugur að aldri.

En Guðmundur Arason er einn af þessum mönnum örlaganna, sem þrátt fyrir allan sinn andlega vaskleik hlýtur að ganga sína mörkuðu braut. Ófús gerist hann prestur og nauðugur biskup, en þrátt fyrir þetta hefir hann yfirgnæfandi hæfileika til hvorstveggja. Og lífið og atvikin taka nú að vinna ósleitilega að því og ekki mjúklega að faga lund hans, og snúa henni að andlegum hlutum.

### III.

Þegar Guðmundur var níttján ára, gerðist atburður, sem hafði alldjúp áhrif á skap hans. Þá ætlaði hann utan með Ingimundi fóstara sínum, en hrepti óveður fyrir Ströndum og lá við sjálft að allir færast. En er áföllum létti af skipinu og það kendi grunnis, var tekið að hyggja að Guðmundi og hafði hann þá mölbrotið svo annan fót sinn við borðstokkinn, að þangað horfðu tær er hæll skyldi. Komust skipverjar við illan leik með Guðmund í land og lá hann þar síðan lengi um veturinn á fátækum bóndabæ í fótbrotnu og kvaldist af óyndi. Ingimundur fóstri hans hafði farið til Breiðabólstaðar í Steingrímsfirði, þar sem Jón Brandsson bjó, er átti Steinunni dóttur Sturlu í Hvammi og Ingibjargar Þorgeirsdóttur.

Svarf nú svo fast ópreyjan að Guðmundi, að loks helzt hann þar ekki lengur við og gekk um vorið nálægt páskum til Breiðabólstaðar við það, að út stóðu leggjarbrotin úr fæti hans. Má af þessu marka herzlu hans.

Hafðist fóturinn enn þá illa við, sem eðlilegt var, og var þá Guðmundi komið á Hóla á Reykjanes til Helga prests Skeljungssonar, sem var ágætur maður og hinn mesti læknir. Lét hann draga beinin út úr fæti hans með töng og urðu tveir efldir karlmenn að ganga að, áður en brott gengi. Eigi er þess getið, að Guðmundur mælti nokkuru sinni æðruorð, hvorki er hann

fótbrotnaði eða meðan á lækningunni stóð. En nærri má geta um líðan hans andlega og líkamlega, er hann liggur einmana og farlami á ókunnum stöðum mánuðum saman. Þá segja æfisöguritarar hans, að hann hafi byrjað að skifta um skaplyndi og hugurinn meir tekið að hneigjast að guðlegum eignum. „Síðan kom nokkuð fyrir á hverjum misserum til siðbótar honum“, segir prestssagan.

Guðmundur Arason var vígður til prests af Brandi biskupi Sæmundssyni 17. marz 1185, 24 ára að aldri. Það var á annan sunnudag í föstu. Bar það mjög saman, að hann var til prests vígður og að hann skildi við tvo vini sína, er honum voru hjartfólgnastir, en það voru þeir Ingimundur fóstri hans og Þorgeir biskupssonur, er kvæntur var Guðnýju Þorvarðardóttur frænku hans. Fóru þeir utan um þessar mundir og sá Guðmundur hvorugan síðan. Andlát Ingimundar fósttra hans bar að höndum með þeim sorglegu atburðum, að hann týndist af Stangarfolanum ásamt mörgum öðrum góðum drengjum í Íslandsferð. Fundust þeir mörgum árum seinna helfrosnir í óbygðum Grænlands. Þorgeir biskupssonur lézt í hafi á leið upp. Varð Guðmundi svo mikið um þessa atburði, að nálega mátti kalla, segir prestssagan, að hann skiftist í allan annan mann, en það sem áhorfðist, er hann var í æsku. Var hann þingaprestur að Hofi á Höfðaströnd, er þetta bar að höndum. Gerðist hann nú svo mikill alvörumaður og trúmaður í föstum og bænahaldi, tíðagerð, meinlætum og örlyndi, að sumir menn óttuðust að héldi við vanstilli. En hversdagslega var hann þó mjög hógvær og spakur í háttum sínum. Hann tók á þessum árum til kenslu prestlinga og var það dagleg iðja hans tíða á millum að kenna og rita. Kom nú upp í honum fræðimaðurinn. Hann rannsakaði bækur manna og hendir af hvers manns bókum, þar sem hann kom, það sem hann hafði ekki áður. En mikinn hluta nætur, bæði öndverðar og ofanverðar var hann í kirkju, og gekk til skrifta jafnan, er hann náði fundi kennimanna. Ætluðu sumir, að hann mætti ekki bera alt saman: harðrétti sitt og óyndi út af andláti vina sinna.

Er það glögt, að hér hefir orðið mikil andleg bylting í sál Guðmundar, er sorg og alvara lífsins sækir hann heim. Sem snöggvast finst honum hann standa uppi aleinn og vinalaus, á róstusamri og siðlausri öld, þar sem alt logaði í hatri og illdeilum. En því þjáðari sem hann verður og meir einmana í hinu ytra lífi, því meir opnast undirdjúpin í sál hans. Með heitu ákalli og iðulegri bæn til guðs, og stöðugri umhugsun um lífernissögu drottins og æfi helgra manna, vöknudu nú til lífsins af alefli margir þeir eðliskostir, sem grónir voru í kyni hans.

„Altarissakramentið flutti hann og framdi með svo mikilli gæzku og góðfýsi, sem hann sæi sjálfan græðarann fyrir sjer á krossi þíndan“. Og stundum þótti mönnum sem þeir sæju bjart ljós yfir höfði hans í messunni, eða eld fara út af munninn hans. Er það ekki að efa, að Guðmundur var fluggáfaður maður, svo sem segir í sögu hans: „hvass í hugviti og glöggrar greinar bæði til bækur og brjóstvitru“. Hann hefir verið mælskur og andríkur, tilfinningarnar örur og heitar, og söngmaður ágætur. Þannig hefir hann haft alt, sem prýða má góðan kennimann. Enda þótti allur tíðaflutningur hans merkilegur og áhrifamikill, og var stundum til þess tekið, er hann söng yfir dánnum mönnum. T. d. er frá því sagt, er hann jarðsöng Ketilbjörgu nunnu í Skálholti, að þá stóðu yfir greftrinnum Páll biskup og Gissur Hallsson. „Og var sú þjónusta svo merkileg, að Gissur vottaði það í þeirri tölu er hann hélt, að þeir þóttust eigi slíkan líksöng heyrta hafa, og virði henni til heilagsleiks, að henni skyldi slíks söngs auðið verða“. Var sá yfirsöngur bæði skilríkur og társtokkinn, segir Arngrímur ábóti.

Sést af þessu, að það var ekki aðeins alþýðan fáfróð og hjátrúarfull, sem lét heillast af tíðaflutningi og prestsverkum Guðmundar góða, heldur og hinir vitrustu og lærðustu menn er gott skyn báru á það, er þeir dæmdu um.

En öll var ástundun hans hræsnislaus og full af elsku til Guðs og manna, segir í sögu Arngríms ábóta. Og hvað sem hann lærði aðra, fylgdi hann fyrri sjálfur í sínum verkum. „Hljóður var hann og athugull hversdagslega, þýður og þekkur í máli, öllum mjúkur og mildur sem at hann lutu í nokkrum hlut. Því unni honum hvert mannsbarn“. Alt gaf hann, sem hann gat við sig losað, og sagt er, að meðan hann var prestur hefði hann aldrei færri en sjö

ölmusumenn á framfæri sínu og móður sína hina áttundu, en hana annaðist hann með mikilli ástúð til dauðadags.

Ágerðust nú föstur hans og bænahald og ölmusugæði, svo að landfrægt verður, og í ímyndun alþýðunnar fer að leika um hann hinn dularfulli ljómi dýrlingsins. Menn fara að keppa um prestsþjónustu hans. Frá Hofi fer hann að Miklabæ, síðan í Viðvík, þaðan að Völlum í Svarfaðardal, síðan að Upsum og Reynistað og loks að Víðimýri til Kolbeins Tumasonar. Til dæmis um vinsældir hans, er hann var á Völlum, er það, að þegar Halldóra abbadís Eyjólfsdóttir úr Kirkjubæ bað hann að ráðast þangað austur til búsförustu með sér og hann hafði heitið þessu, fóru sveitamenn til og báðu Brand biskup að banna honum brottferð, og gerði hann það.

En hvarvetna að tóku honum nú að berast heimboð frá merkum mönnum, og æðri og lægri sóttu hann heim langar leiðir til að skrifa fyrir honum eða leita lækninga til hans. Jafnvel sjálfur Brandur biskup gerði hann að skriftaföður sínum. Tók hann upp marga hluti í trú sína, er menn höfðu ekki átt að venjast áður, svo sem vatnavígslur og helga dóma. Segir svo frá þessu í sögu Arngríms ábóta, að á þeim árum umkringdi hann nálega landið með vatnavígslum sínum og heilsugjöfum, svo að um allar áttir landsins streymdi sú blessan Guðs, er fylgdi bænarorðum hans. Þar sem eigi voru brunnar eða lindir, vígði hann rennandi vötn og vöð mönnum til farsældar.

Vatnið mun hann hafa vígt á þann hátt, að niður í það brá hann heilagra manna beinum eða öðrum helgum dómum, er hann hafði jafnan meðferðis, blessaði síðan yfir með krossmarki og ákallaði Krists nafn.

Á líkan hátt munu lækningar hans hafa farið fram. Notaði hann mjög til þeirra vígt vatn og helga dóma, til þess að enginn eignaði honum sjálfum kraft til þessa. Þó er þess stundum getið, að hann notaði munnvatn sitt og aðgerðir líkar þeim, er um getur í Nýja testamentinu.

Kom stundum á hann höfgi, er hann lá á bæn yfir lækningum þessum, og var þá ekki trútt um, að hann þætti birtast á öðrum stöðum og vinna þar ýms máttarverk í fjarlægð líkamans með krafti andarinnar.

Þó að erfitt sé, að henda reiður á þeim sögum, sem um þetta hafa myndast, og þær kunni að hafa ýkst allmjög í meðförum, þá er þó einhver fótur fyrir öllu, enda eru sögurnar, sem af Guðmundi eru sagðar, ekkert ótrúlegri, en fjölda margar sögur aðrar, um ýmsa vitrana menn og geðhrifalækna kristninnar frá upphafi. Oss er það öllum kunnugt, að sögur líks eðlis ganga ótal margar á meðal vor enn þann dag í dag, og er trúað af fjölda fólks. Í ritningunni og trúarbragðasögu margra þjóða úir og grúir af sögum um menn, sem gæddir hafi verið slíkum lækningakrafti, og það er alkunna að einmitt meinlæti og andlegar æfingar eins og þær, er Guðmundur Arason stundaði, færa að jafnaði í vöxt þann furðulega andlega styrk, sem með mannum býr. Í sambandi við þetta eru fjölmargar sögur, sem benda til þess, að hann hafi verið forvitri og ráðið yfir óvenjulegri skygni.

Margir hafa talið, að allar þessar frásagnir um Guðmund stafi frá hindurvitnum tómum. En ég fyrir mitt leyti efast ekki um, að ýmislegt af þessu hafi sannleik að geyma. Alt, sem sagt er af Guðmundi, bendir til þess, að hann hafi verið *ecstatic*, eins og t. d. Páll og fjölda mörg önnur stórmenni trúarinnar. Slíku ástandi fylgja sterkar geðshræringar og er stundum eins og maðurinn sé innblásinn og magnaður af æðra krafti, en stundum legst hann í dásvefn og birtast honum þá vitranir og sýnir. Einkenni þessara manna er oftastnær það, að þeir eru trúaðir og kunna að vekja aðra menn til trúar. En að trúin geti leyst furðulega og ótæmandi krafta úr læðingi í sálardjúpinu, hæfir oss eigi að efast um — því að sjálfur meistarinn sagði, að trúin gæti flutt fjöll.

Þá hættir oss mótmælendum mjög til að líta á vatnavígslurnar og dýrkun helgra beina sem aumustu hjátrú, og var jafnvel ekki trútt um, að Þórir erkibiskup áteldi hann fyrir vatnavígslur hans, og þætti hann vígslugjarn um of. En Guðmundur varði mál sitt af svo mikilli snilli, að

erkibiskup fékk ekki orða bundist og mælti: „Harla vænar greinir gefur Guð fyrir yðvarn munn“.

En vörn Guðmundar var á þá leið, að hann tryði því, að almáttugur Guð mundi ótæpt gefa miskunn sína og anda heilagan. Og ef á þennan hátt mætti, fremur en annan, vekja trú fólksins á miskunn hans og heilsugjöf, þá skifti minstu máli um aðferðina. Enda hefði sjálfur Kristur bezt helgað vötn öll með hérvist sinni, er hann steig niður í Jórdan og heilagur andi krismaði vatnið með sinni ásján. „En alt vatn er eitt og frá þessu vatni spretta síðan ýmislegar rásir um jörðina, heilagri kirkju til nytsemdar sálar og líkama“.

Hin sama hugsun vakti vitanlega fyrir honum með helgra manna bein og aðra helga dóma. Tækist með þessum ytri táknum, að vekja mátt trúarinnar í sálum mannanna, þá var takmarkinu náð. Aðeins, ef vakin væri tilfinningin í mannsálunum fyrir hinu *heilaga* og *eilífa* — og gróðursett traustið á því, þá er þar með straumi hinnar guðdómlegu náðar veitt inn í mannlífið.

Þetta virðist hafa staðið mjög ljóst fyrir Guðmundi og veit ég ekki, hvort oss hæfir að dæma hann hindurvítanamann fyrir þetta. Ef til vill hefir prótestantíska kirkjan of mjög flaskað á því, að skilja ekki þetta merkilega samspil milli hinna ytri tákna og innri andlegu sanninda. — Hún hefir aldrei skilið það, að hin ytri tákn geta stórkostlega hjálpað vexti og skilningi andlega lífsins, að m. k. meðan það er ennþá í bernsku og óþroska. Á þessu byggist kraftur allrar sýmbólsku (táknrænna athafna).

#### IV.

Það er augljóst, að frægð og álit Guðmundar Arasonar fór stöðugt vaxandi þau sextán ár, sem hann var prestur. Hversu hann var mikils virður af yfirmönnum kristinnar í landinu, kom meðal annars fram í því, að Páll biskup lét senda eftir honum ásamt Brandi biskupi til aðstoða, þegar tekinn var upp helgur dómur Þorláks biskups. Gekk hann næst biskupunum í allri þeirri þjónustu og réð miklu um, hvað sungið var. Sömuleiðis var hann aðalforráðamaður þess í sjúkdómsforföllum Brands biskups, er helgur dómur Jóns biskups var hafinn úr jörð, skömmu seinna. Vottaði það og Kolbeinn Tumason á Víðimýri eftir langa kynningu, að hann væri sannheilagur maður og sagði sjálfan sig margar raunir á hafa. Hversu heilagsmannsorð fer af Guðmundi, áður en hann varð biskup, sýnir oss sú processión, sem Karl ábóti á Þingeyrum gerði á móti honum, er hann heimsótti klaustrið og sá hátíðlegi latínusöngur, er þeir fögnuðu honum með: *Vir isle in populo suo mitissimus apparuit sanctitate dei et gratia plenus etc.*

Má það furðu gegna, hversu seinna óvingaðist með þessum mönnum og Guðmundi, eftir að hann varð biskup, og einkum hörmulegt, hvernig spiltist vinátta þeirra Kolbeins Tumasonar. Því að Kolbeinn var án efa einn af hinum beztu mönnum Sturlungaaldarinnar, vinsæll maður og hógvær, þar að auki skáld gott og innilega trúhneigður. Vafalaust hefir það einmitt verið Guðmundur biskup, sem haft hefir á hann djúp trúarleg áhrif, er hann var prestur hjá honum á Víðimýri, og er það því grunntónninn frá hinni heitu og innilegu trúrækni Guðmundar, sem birtist í hinum undurfagra bænarsálmi Kolbeins:

Heyr himnasmiður hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín, miskunnin þín!

Það er heldur ekki ástæða til að efa, að Kolbeinn hafi af heilum hug stutt að kosningu Guðmundar til biskups. Þó að vondir menn segðu, að hann gerði það mest í því skyni að koma höndum yfir staðarfén og ná yfirráðum jafnt lærðra sem leikra fyrir norðan land, þá er auðséd af orðum Sturlu Þórðarsonar í Íslendinga sögu, að hann trúir þessu ekki, og mætti hann þó glögglega um þetta dæma. Hér réð eflaust fyrst og fremst það álit manna, að Guðmundur væri bezt til hæfur sökum guðrækni sinnar, siðgæðis og annara fagurra manndygða. Hann var í mestu álitu allra norðlenzkra presta. Hið eina, er menn verulega óttuðust, var að hann væri lítt fallinn til fjárvarðveizlu sökum örlætis síns. Því var Magnús Gissurarson Hallssonar hafður í

kosningi með honum, að hann þótti reyndari í þeim sökum. En það reið baggamuninn, að Norðlendingar vildu ekki sækja biskup sinn í aðra landsfjórðunga.

Að Kolbeinn Tumason tók að sér staðarforráð á Hólum, var án efa í fyrstu gert af vinsemd og í greiðaskyni. Það hefir verið einróma álit og þegjandi samþykkt allra þessara manna, er stóðu að kosningu Guðmundar, að til þeirra hluta væri hann ekki fær og þyrfti góðan tilsjónarmann til þess að vel gæti farið úr hendi. Hefir því þótt vel úr rætast, er Kolbeinn Tumason tók þetta að sér. En að þetta yrði upphaf ósamlyndis þeirra, sem báðum varð til mikillar óhamingju, mun enginn hafa séð fyrir nema ef til vill helzt Guðmundur, sem sjálfur þekti bezt skaplyndi sitt og óraði jafnan fyrir því, er verða vildi.

Tregða hans að taka biskupskosningu var og heldur engin uppgerð. Hrygð hans, ótti og dapurleg forspá, er honum er flutt fregnin um kosninguna, ber í senn vott um viturleik hans lítillæti og skarpa dómgreind á því, hvað verða vildi. Því æðri hugmyndir, sem hann að dæmi Ambrósíusar vinar síns hafði um embætti þetta, því ljósara varð honum það, að vandi mikill var að eiga við marga menn óhlýðna, öfundfulla og ríka. Fyrir honum var þetta blátt áfram barátta milli ljóssins og myrkursins. Kappið var enn hið sama og fyr, en færðist þó í allan ásmegin, er því var beitt í þjónustu Guðs eins og hann leit á málin. Hann sá þegar í hendi sér, að baráttan var óhjákvæmileg gegn guðleysi og veraldlegum yfirgangi höfðingjanna og þessi maður, sem var manna mildastur og blíðastur við smælingja alla og guðsölmusur, var harður og óbugandi við þá, er hann áleit Guðs óvini, og gegn þeim notaði hann öll hin sterkustu meðöl kirkjunnar. Það er erfitt að dæma, hvort hann hafi gert þetta einungis af blindri kappgirni og ofstopa, eins og honum hefir oftast verið borið á brýn, eða af því, að hann hafi iðulega álitnið rétt, að beita hinu agandi valdi kirkjunnar við ofsafengna menn og harðúðuga.

Arngrímur ábóti, sem að mörgu leyti skilur Guðmund ágætlega, skýrir viðhorf hans á þessa leið:

„Hann hugsar um það nætur og daga hversu heilög kristni Guðs var hryggilega hneist í háðulegum framferðum, svo óbærilegs ofsa og ágirndar, sem hún hafði svo langan tíma þolað um daga fyrri biskupa með óbættum skaða. Hann sér að tveir eru vegir: Hylja sig með ófremd og kaupa sér svo frið, eða taka krossinn Jesú Kristi og bera með honum hvað hendurnar þola. Af þessum tveimur kýs hann þann með heilags anda áblástri, að vera heldur hirðir en leigumaður. Því rís hann upp meður frjálsri kirkjunnar rödd móti þeim vörgum, er það eitt stunduðu með gráðugum sult, að svelgja hjörð almáttugs Guðs“.

## V.

Hversu sem Guðmundur Arason taldist undan biskupstign, bæði hér heima og við Eirík erkibiskup í Niðarósi, þá mátti hann eigi sköpum renna, og var hann vígður til biskups í Kristskirkju þar í borginni 13. apríl 1203. Þá var hann 41 árs að aldri. Má segja, að með biskupsdóminum hefjist píslarferill hans og niðurlæging. Hér vinst eigi tími til að rekja hrakningssögu Guðmundar Arasonar eftir að hann varð biskup. Margsinnis eru eflidir flokkar gegn honum og honum stökt af stóli, mönnum hans tvístrað eða þeir drepnir fyrir augum hans. Árum saman er hann í útleið frá biskupsstóli sínum í Noregi eða í öðrum landsfjórðungum, og loks er hann fær að setjast að á Hólum í elli sinni í sæmilegum friði, er hann þó haldinn sem fangi á stólnum með tvo þjónustumenn, verður að hafast við í einni stofu, þar sem hann svaf og mataðist og söng allar tíðir, fékk engu að ráða og naumast því að gefa nokkra ölmusu. Þá var hann og farinn að kröftum og sjónin að þverra.

Í fjarveru biskups var kirkjan iðulega saurguð af blóði og embættagerð bannfærðra manna. Fyrirlitin voru öll boð og bönn biskups og leitast við að gera honum alt til skapraunar og niðurlægingar, hann er jafnvel kvalinn og hrjáður líkamlega. „Svo veraldarfullir voru þessir tímar“, segir í Guðmundar sögu Arngríms, „að þeir máttu sannligar heita samhaldin nátt, en lýsandi dagar. Því að andlegt ljós var mörgu hjarta löngu horfið, en sá inntekinn í leiðsögu, sem alla sína tíma gekk í myrkrum“. „Harmanlig var þessi kristni, sumir kennimenn

lögðu sitt embætti með ótta Guðs og biskupsins, en aðrir fyrir mannlega hræðslu, eða fluttu það fyrir kúgan eður eigina óhlýðni. Höfuðkirkja, allra móðir, situr í sorg og sút, sem útlæg frá sínum formanni — en hver lifði sem lysti, því ei var sá er um vandaði“.

Þó að Guðmundur biskup færi þannig halloka í baráttu sinni fyrir valdi og vegsemd kirkjunnar, svo sem við var að búast á jafn guðlausri og ósiðaðri öld, mátti þó segja, að hann héldi að vissu leyti velli. Hann hélt velli í því, að aldrei er nokkur bilbugur í lund hans. Aldrei gefur hann eftir um hársbreidd frá því, sem hann áleit að rétt væri. Og eigi liðu heldur meir en sextán ár frá því að hann lagðist á líkfjöl til þess er viðurkennd var á Alþingi stefna sú, er hann hélt fram í kirkjumálum, og áður hafði barist fyrir hinn heilagi Þorlákur biskup.

Ef leita skal orsakanna fyrir hrakningum og óförum Guðmundar biskups, þá eru þær sumar augljósar, en aðrar duldar í skapi hans. Það sýnist í fljótu bragði undarlegt, að svo vinsæll maður, sem Guðmundur hinn góði var, áður en hann gerðist biskup, skyldi undir eins verða svo heillum horfinn, er hann settist að stóli. Því að enda þótt hann ætti ýmsa góða vini, sem aldrei brugðust honum meðan þeir lifðu, eins og Hrafn Sveinbjarnarson, Eyjólf Kársson, Þórð Sturluson og jafnvel Snorra Sturluson, er honum reyndist góður drengur í raunum hans, þá má það þó furðulegt sýnast, hversu mörgum veraldlegum höfðingjum verður uppsigað við hann.

Í eðli og framgöngu Guðmundar var eitthvað, sem braut svo mjög í bág við allan anda og hugsunarhátt Sturlunga aldarinnar, að þar var engin sætt möguleg! Jafnvel við Kolbein Tumason, þann ágæta mann, gat hann ekki sæzt fyr en í dauðanum.

Nú kann að vera eitthvað hæft í því, sem ein sagan segir, að honum hafi verið borið á brýn, að *hann æsti alla upp með forsi sínu*. Þessi brennandi andi hefir áreiðanlega átt yfir sárbeittri tungu að ráða, er hann þóttist hart leikinn, eða taldi óvirðulega gert til heilagrar kirkju. Mun hann hafa verið hæfinn í orðum, svo sem eins og þegar hann mælti við Þórarin bryta, er hann sýndi honum fyrningar matarbirgða á staðnum og bar lof á fjárvarðveizlu Kolbeins Tumasonar, er aðeins hafði látið gefa ölmusumönnum einmælt, þegar biskup vildi láta gefa tvímælt. Guðmundur mælti: „Það er sýnt að Maríu þykir betra, það sem veitt er, en Kolbeini“. Tilfinninganæmur hefir hann verið mjög fyrir kirkjunnar hönd og þá ekki ávalt stilt vel orðum sínum. En það, sem honum verður einkum að falli, er hin kaþólska barátta hans fyrir Guðs lögum. Til þeirrar baráttu gengur hann heill og óskiftur með kostum sínum og kenjum, fullviss um það, að hann sé að vinna guðsríki gagn. Með öllu ástriðumagni sálar sinnar gengur hann í þjónustu heilagrar kirkju, að vísu barn síns tíma og hugfanginn af valdadraumum hennar, en þá líka jafnframt gæddur hennar fegurstu dygðum: Miskunnar, örlæti og hjálpfýsi gagnvart smælingjunum, og það eru ekki sízt dygðir hans, sem verða honum að falli. Guðmundur er of heilagur maður til þess, að hægt væri að komast hjá því, að hann yrði krossfestur á þeirri öld.

Það er bersýnilegt, að Guðmundur biskup breytir fyrst og fremst sem hlýðinn sonur kirkjunnar og algerlega í anda Innocentiusar III., sem nýlega hafði skrifað bréf upp hingað, er hann tekur að berjast fyrir auknu valdi kirkjunnar. Hafði og Eiríkur erkibiskup ekki sparað að brýna fyrir Guðmundi nauðsyn þess, að kirkjan hér á landi losaði sig undan yfirráðum veraldlega valdsins, því að oft töluðu þeir saman um það, hversu kristinn réttur héldist á Íslandi og sýndist þeim einn veg báðum, að of mikinn yfirgang þyldi heilög kirkja og Guðs kennimenn af veraldlegum höfðingjum. Var þetta í samræmi við hugsunarhátt allra beztu manna kristinnar í álfunni um þessar mundir, og reyndar sízt að undra, þótt Guðmundur liti svo á, eins og stóð hér á landi, að heillavænlegast væri, að kristin kirkja öðlaðist meira vald og íhlutun um alment siðgæði manna og framferði, en hún hefði haft um sinn. Að þessi stefna Guðmundar verður til þess, að því er virðist, að flýta fyrir því, að valdið flyzt út úr landinu, verður Guðmundur heldur ekki stórt sakaður um. Engin líkindi eru til, að hið íslenska þjóðveldi hefði getað staðist lengi, enda þótt kirkjan hefði aldrei látið á sér bæra, svo mikil var sundrunin og fjandskapurinn innbyrðis milli hinna veraldlegu höfðingja á Sturlungaöldinni.



Hitt verður þá einnig að viðurkenna, að samkvæmt landslögum stóð Kolbeinn og fleiri, er við Guðmund deildu, í fullum rétti, og þótti þeim því sem Guðmundur færi með lögleysur einar. Einkum fór biskup og menn hans all geyst eftir Víðinesbardaga, er þeir lögðu fégjöld á menn. Enda virðist svo sem Guðmundur hafi stundum orðið að viðurkenna það fyrir erkibiskupi, og við sjálfst legið, að honum yrði vikið frá embætti fyrir oftekjur hans í sumum þessum málum. Annars er erfitt að sjá, hvað satt hefir verið sagt af Guðmundi og hverju logið, er mál þessi voru flutt af óvinum hans í Noregi — og var reynt að láta líta svo út, að hann væri eins konar ræningjabiskup hér uppi og stæði að orustum og illvirkjum.

Átti Guðmundur öðru hvoru við að stríða, í viðbót við allt sitt mótlæti, vanþóknun hins erlenda kirkjuvalds, sem fyrir róg gerðist honum stundum mótdrægt. En allt þetta varð til þess að mæða hann ósegjanlega.

„En sú var æ önnur hans sakargift, er guðsölmusum tilheyrði, því að vantrúarmenn skildu ekki, að fátæks manns hönd er féhirzla vors herra“. Eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns, var örlætið við snauða menn og þurfandi ættgeng og rötgróin dygð í kyni Guðmundar, enda blæs trú hans þar að kolunum, svo að gjafmildi hans verður takmarkalaus. Trú hans á kærleika Guðs var óþrjótandi og var það orðtak hans, að það væri vonlegt, að þaðan veittist miskunn, sem nóg væri til, en það er frá Guði. Minnugur þeirra orða, að það sem þér gerið mínum minstu bræðrum það gerið þér mér, þá sást hann ekkert fyrir og gaf allt sem hann náði hendinni til í því skyni, að seðja hungraða og klæða nakta. Fór þá líkt og hjá Þorgilsi forföður hans á Reykhólum, að til hans safnaðist margmenni á staðinn, eða hvar sem hann var niður kominn. Þoldi hann ekki að sjá þurfandi menn og fá ekki líknað, og er sagt, að hann bryti jafnvel niður dýra gripi og gjafir stórmenna, til að geta satt hungur fátækra manna.

Ástandið á þessum árum var líka óskaplegt. Menn fóru hópum saman um landið á verðgangi og lifðu á því einu, er góðhjartaðir menn gáfu þeim. Hinn fyrsta vetur, er Guðmundur sat á stóli, gekk hallæri svo mikið yfir Norðurland, að fólk hrundi niður úr hungri hundruðum saman. Gekk þessi vesöld mjög nærri brjóstfastrí mildi Guðmundur biskups, og vildi hann láta veita ótæpt á staðnum, meðan eitthvað væri til. En Kolbeinn rak þessa vesalinga, sem drógust heim að Hólum, í gestahús og gaf þeim hið allra naumasta. Reynsla undanfarandi ára hafði og sýnt, að mjög vildu þrjóta vistir á staðnum, nema allrar varúðar væri gætt. En öll slík búmenska var fjarri lundarfari Guðmundar og var gjafmildi hans svo taumlaus, að öllum þótti ofrausn, ógegndareyðsla og fullkomið óvit.

Hér skildi jafnmikið á guðslög og mannanna, sem annarsstaðar. Og átti Guðmundur biskup meira traust til Guðs miskunnar, en veraldleg búvizka höfðingjanna, sem altaf var á glóðum um það, að hungraðir menn, sem að Guðmundi hændust, yrðu of þungir á föðrum. Viðkvæði Guðmundar var það, og þótti oft eftir ganga, að Guð mundi senda þeim hval eða eitthvert happ í skaut, er buguðu góðu að vesalingum sínum. Hann var sannfærður um það, að enginn yrði fátækari af því, að hlýða því lögmáli kærleikans, að gefa *takmarkalaust* eins og hægt væri, meðan þörfin og neyðin væri fyrir dyrum. Satt var það, að þegar allar dyr lokuðust, gripu þessir menn, sem til Guðmundar biskups söfnuðust, oft til þeirra örþrifaráða, að hnupla sér mat og spruttu af því róstur og vígaferli, sem biskup hvorki gat ráðið við né rétt er að saka hann um. Þess er oft getið, að hann setti menn til að athuga, að þeir stæli ekki þar sem hann fór um. Hitt er eðlilegt, að þetta væri illa þolað af þeim, er lítt skildu miskunnarlund biskups og voru ónæmari fyrir þörfum líðandi manna en hann. Þannig var það, sem aldarháturinn óx Guðmundi biskupi yfir höfuð — einmitt af því, að hann var *góður* maður á harðneskjufullri öld. Hinir valdameiri menn voru furðu samtaka um það, að tvístra þessum flokkum öreiganna, er þeir söfnuðust um þennan eina mann, er þeir vissu að fann til með þeim og vildi hjálpa þeim.

Og sárast af öllu hefir án efa þessi harðuð skorið Guðmund biskup í hjartað, þessi blindi og skilningslausa neitun á nauðsynlegustu þörfum lífsins gagnvart vesalingunum — þetta járnvarða vígi hinna voldugu utanum hin harðsóttu og dýrmætu gæði lífsins.

Aleinn stendur Guðmundur í mildi sinni gagnvart aumingjunum og með blæðandi sorg í hjartanu, trúandi á miskunn guðs — andspænis hrottaskap og siðleysi Sturlungaaldarinnar, sjálfur hrakinn og hrjáður vegna brjóstgæða sinna.

Oft hefir honum verið lýst af litlum skilningi sem einsýnum, þverúðarfullum og hálfbrjáluðum ræflabiskupi, óhappamanni, sem betur hefði farið, að aldrei hefði biskupsdóm þegið. En miklar mættu hans ávirðingar vera, ef vér gætum samt ekki elskað hann, ef vér sæjum ekki, að hrakningar hans og píslarvætti var fyrst og fremst að kenna því, að *hann var sannkristinn maður á heiðinni öld*. Hafi biskupstign hans haldist í lítilli virðing, og gengið eftir því, er hann spáði á Víðimýri forðum, er Kolbeinn Tumason breiddi fyrir hann hinn slitna dúk, þá stafaði það af því, hversu andi og hugsjónir kristindómsins var lítills metið á þessari öld.

Hinn hrakningssami biskupsdómur Guðmundar er aðeins tákn guðskristninnar í landinu. Að Guðmundur lifði ekki í blóma og góðri virðingu á þeirri öld, sýnir aðeins það, að hann tók aldrei sættum við ranglætið og miskunnarleysið, hann sló aldrei af því, er hann hugði guðslög, til að kaupa sér frið.

Og hafi hann orðið ofsafenginn stundum, þegar hinum hungruðu var neitað um mat, eða vesalingunum hans var misþyrmt eða þeir drepnir fyrir augum hans, þá var það að minsta kosti mannlegt, og eins hitt, þó að hann læsi þá á kröftugri norrænu bannfæringu yfir þá, er hann leit á sem þverbrotna og iðrunarlausu stórglæpamenn.

Gætum að því, að það var einkum í þeim málum, er hann hugði varða framgang guðskristninnar í landinu, sem hann var örðugur og óbifandi. Persónulega var hann sáttgjarn og mildur eins og mörg dæmi sýna. Persónulegar skapraunir bar hann vel og var manna fljótastur að fyrirgefa þær, eins og þegar hann veitti hinn fagra yfirsöng líki Kolbeins Tumasonar, sem farið hafði á móti honum með her manns. Nær er mér að halda, að undir niðri hafi ávalt verið hlýtt á milli þessara manna, þó að til ósamlyndis dragi og baráttu — í máli, þar sem báðir voru sannfærðir um, að þeir hefðu rétt fyrir sér. Það er sýn aðdaunin á Guðmundi í vísum þeim, er Kolbeinn orti um biskup rétt eftir það, að hann hafði haft hann í stórmælum:

Ræður guðslagagreiðir  
geðbjartur snöru hjarta,  
hræðist himna prýði  
hann, en vætki annað.

Hér er eigi líklegt, að farið sé með neitt skrum, af manni, sem á því augnabliki var harðsnúnasti mótstöðumaður, Guðmundar — en dóminn er líka því meir að marka, að hann gerþekti Guðmund biskup af langri kynning. Áreiðanlega lítur hann ekki á Guðmund sem neinn ræfla biskup. Hann kallar hann *geðbjartan*, hið fegursta lýsingarorð, sem hægt er að hafa um skapgerð nokkurs manns. Hann efaðist aldrei um að hann væri í raun og veru sannhelgur maður. Hann ræður snöru hjarta, er hugrakkur og hræðist engan nema Guð. Hverjir kostir mega frekar biskup prýða? En jafnhliða leit hann auðvitað svo á, að biskup slægðist of mikið til valda fyrir kirkjunnar hönd, og segir í hinum sömu vísum, að hann vilji gerast „glíkur Tómasi (þ. e. Tómasi frá Becket) að ríki“. Var honum borið þetta á brýn, bæði í lifanda lífi og oft síðan, að hann hafi mjög stælt Tómas og aðra helga menn kaþólsku kirkjunnar. Því ber sjálfsagt ekki að neita, að Guðmundur hefir tekið sér margt til fyrimyndar af hegðun þeirra helgu manna, er hann var gagnkunnugur af lestri dýrlingasagna. Svo hlýtur ávalt að verða. En það mun þó réttara, að honum hafi að ýmsu leyti svipað til þeirra Ambrósíusar og Tómasar að skaplyndi, auk þess sem menning og trúaralvara kaþólsku kirkjunnar hefir mótað þessa menn í líkt form. Fleiri samtíðarmenn Guðmundar gefa honum og fagra vitnisburði. Sturla Þórðarson segir svo: „Finst og varla á voru landi eða víðara sá

maður, er þokkasælli hafi verið af sinum vinum, en þessi hinn blessaði biskup, svo sem votta bréf Þóris erkibiskups eða Guttorms erkibiskups, eða hins ágæta konungs Hákonar og margra annara dýrlegra manna í Noregi, að þeir unnu honum sem bróður sínum og báðu hann fulltingis í bænum sem föður sinn“.

Í þessu sambandi má einnig minna á orð Sæmundar Jónssonar í Odda, er hann skrifar Páli biskupi bróður sínum: „Guðmundur biskupsefni hefir ekki mikill vin verið í málum vorum, en þó er hann mjök lofaður af mönnum, sakir gæsku sinnar, siðvendi og hreinlífis, sem mestu varðar“.

## VI.

Hinn síðasta vetur er Guðmundur biskup lifði var hann blindur með öllu. Tók hann og andlitsmein og lá verkurinn í hægri kinninni ofan frá auganu. Yfir honum voru tveir menn: Helgi bróðrson hans og Þorkell Ketilsson, er seinna varð príor á Munkaþverá. Söng biskup tíðir löngum, er hann mátti eða lét lesa fyrir sér helgra manna sögur á latínu. Þennan vetur hinn sama tók Guðmundur biskup sótt litlu fyrir langaföstu, þunga og hljóðlega, og lá fram um Gregoriumsmessu. Segir saga hans að þegar hér var komið hafi svo verið mýkt hans við forna mótgangsmenn, að ekki hafi hann munað, að nokkur maður hafi sér mein gert. Var hann nú óleaður svo sem venja var til, og eftir það vildi hann það eitt mæla er nauðsyn krafði. Hann hafði áður skipt bókum sínum milli klerka sinna og ákveðið legstað sinn í stúkunni suður af kirkju milli klerka tveggja. Eftir það lifði hann þrjá daga, og var jafnan bænin í hans munni meðan hann hélt lífinu. Í andlátinu hóf hann upp latínu söngva, en er hann þraut máttinn til söngs, hóf hann upp hægri hönd sína með blessan svo ágætlega, að þeim sem við voru staddir fanst sem eftir stæði sýnilegt krossmark í loftinu, þar sem höndin hneig niður. Þá gengu þeir að Þorkell og Helgi og hefja hann úr sænginni á fjöl dufti dreifða, sem hann hafði boðið, því að hann hafði sagt, að hver maður ætti í mold að andast. „Og rétt í þeirra höndum gekk sú blessaða sál til eilífs fagnaðar, út af myrkvastofu þessa heims og leirligu keru líkamans“.

Yfir líki Guðmundar stóð öll klerkasveit kirkjunnar með bænahaldi og sálmasöng. Kom múgur manns að Hólum, er jarðarförin fór fram, og þóttu þar gerast greinileg ták. Kirkjan var þá orðin gömul og hrörleg, svo að hún riðaði mjög og skalf, þegar tveim klukkum var hringt. Þá bað Jón prestur er söng líksönginn, að hringja öðrum tvennum, og þótti þá kirkjan fastari fyrir en áður. Loks var hringt öllum klukkunum og skalf þá ekki.

En yfir greftri Guðmundar biskups stóð Kolbeinn kaldaljós Arnórsson á Reynistað og flutti fagurt erindi. Hann var náinn frændi Kolbeins Tumasonar og hafði ávalt verið trygðavinur Guðmundar frá því að Guðmundur hafði dvalist hjá honum á prestskaparárum sínum. Hann var mægður Oddverjum og, ef trúa má sögu Arngríms, prestur að vígslu og latínu lærður. Lagði hann út af orðum Opinberunarbókarinnar, að sælir væru dánir þeir sem í drotni deyja. Sagði Guðmund biskup hafa herbergi síns hjarta eigi yfir sand sett, heldur grundvallað það yfir sterkum stein: Krist, son Guðs lifanda. Hann lýsti hrakningum hans fyrir vondum mönnum og yfirvöðslusömum, hreinlífi hans, siðvendni og ölmusugæðum og segir svo: „Í öngu var hann baldinn né öfundssjúkur, í öngu reiðinn né guðlatur, í öngu of neytlufullur né síngjarn. Því fyrr plágaði hann biskupsstól sinn með fátækt, en hann vildi nokkurs hlutar óhreinliga afla“. „En þeir eru sannlega sælir, sem fátækir eru í andanum, auðmjúkir og syrgjandi þessa heims, miskunnsamir, hreinhjartaðir, þolinmóðir og friðsamir. Og þeir, sem ofsóttir verða þessa heims, munu ná sínum réttindum fyrir Guðs augliti“.

Verður eigi betur lokið þessum minningarorðum um Guðmund biskup Arason, en að tilfæra harmasöng þann, er Arngrímur ábóti leggur hinum mörgu, snauðu unnendum Guðmundar í munn: „Hvat má greinast af þeirri grátlegri eynd og aumkan, er kvaldi Guðs ölmusur og aumingja þann dag, er þeirra hjálp og huggan, herra Guðmundur biskup, var út hafinn, því alla sína daga var hann, sem lesið er, fátækra faðir og válaðra viðhjálp. Nú rennur í flokkum það auma fólk með því líkri kveinan: Hvað mun af oss verða? Hver mun oss hugga?“

Nú er þess manns hold moldu hulið, sem oss fæddi, huggaði og klæddi með sínu huggæði, og ei varð um aldur í því fundinn, að hann fyrirfari fátækan mann. Fyrir vára skyld þoldi hann hungur og kulda, ónáð og útleigð, hatr og harmkvæli, grimd og ágang sinna óvina. Því að hann var styrking veikra og vanmáttugra, efling ekkna og faðir föðurleysingja, huggan harmþrunginna, snauðra og sælla. Hverr fanst honum miskunnsamari og hreinni, lítillátari og mildari? Hverr hittist honum staðfastari í góðum verkum og hugarkrafti og sönnu þolinmæði? Hverr bar betur skapraunir eða skriftaði sér framarmæði alls kyns harðlífi. Hreinlífur var hann, svo að það eitt var aldrei af hans óvinum talað, að hann lýtti sinn lifnað. Viljuglega fátækur að hann yrði ríkur með Guði; hófsamur, örr, blíður og hógværr, svá að heimurinn var ei lengur maklegur þvílíku lífi. Ó, drottinn, segja þeir, hugga þú oss mildur faðir, því að bóttalaus er ella vor sorg, vér bíðum aldrei bata þessa manns, því að ei fæðist honum líkur á vorum dögum. Faðir allrar miskunnar, Guð allrar hugganar, er hverjum geldur sín verk, umbuna þú honum í eilífu lífi það er hann gerði fyrir þínu nafni, gleð þú hann, því hann gladdi oss; veittu honum væna borg, himneska Jerúsalem fyrir það, að hann herbergði oss, láttu hann, drottinn, hvárki hungur þola né þorsta, því að hann saddi oss og slókti vorn þorsta. — Þvílíkar harmatölur var að heyra eftir þennan dýrðarmann. Og aldrei meðan Ísland byggvist mun hans ölmusugæði gleyming taka, heldur frægilega boðast og boðanlega frægjast af hverri tungu“.

Undir þessar bænir viljum vér öll taka. Því að enda þótt sú væri ein hrakning Guðmundar góða, að ná aldrei því, að verða formlega tekinn í dýrðingatölu af kaþólsku kirkjunni, þá var hann þó áreiðanlega eins heilagur maður og hægt var að búast við, að nokkur maður gæti orðið á þeirri öld er hann lifði og í því umhverfi er hann átti við að búa. Líf hans fellur eins og bjartur og mildur sólargeisli inn í dimt rúm. Á honum hríni því þetta fyrirheit drottins: Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.

Guð gleðji nú sál hans í sinni dýrð!

---

## KVEDJA.

---

Skamt nær vor fylgd, en för þína ekkert tefur,  
fögur er móðan blá á lífsins tindum.  
Guðdómleg elskan veg þinn geislum vefur,  
vísar þér braut að upprisunnar lindum.  
Blámóðan hjaðnar. Birtan flæðir yfir,  
boðar sinn dag þeim þjáða, er dó, en lifir.

*Sigurjón Guðjónsson.*

---